



Kennsluáætlun – Skólaárið 2018 - 2019

Námsgrein: *Stærðfræði*

Bekkur: 1. bekkur

Kennari: Ásdís Árnadóttir

Námsefni:

- Sproti 1a nemendabók og æfingabók
- Sproti 1b nemendabók og æfingabók
- Húrrahefti 1a
- Stærðfræðihefti, ljósrituð
- Ýmsir stærðfræðileikir
- Ýmis forrit í ípad og tölvum

Bækur:

- **Sproti 1a og 1b.** Bækurnar eru mjög myndrænar, lögð er áhersla á margs konar kennsluáferðir og misþung verkefni. Markmiðin eru skýr og hvert viðfangsefni tekið fyrir á fjölbreyttan hátt. Textar eru stuttir og auðlesnir. Allir fá verkefnabækur, þeir sem hafa áhuga og getu fá einnig æfingahefti.
- **Húrraheftunum** er ætlað að þjálfa nemendur í að glíma við þrautir og fara sínar eigin leiðir í leit að lausnum og útskýra lausnarleiðir sínar. Þær efla sjálfstraust nemenda og sjálfstæði í vinnu, skilningi og rökhugsun. Þær auka færni nemenda í lestri og í að greina upplýsingar úr texta. Nemendur fá bók við hæfi, ekki allir á sama stað.
- **Ýmis stærðfræðihefti.** Notuð til að dýpka skilning nemenda á einstaka viðfangsefni s.s. notkun talnagrindar, meira en - minna en, sléttar tölur og oddatölur...
- Ýmsir stærðfræðileikir notaðir til að efla skilning nemenda og gera stærðfræðina lifandi og skemmtilega. M.a. er notast við námsefnið "*Leikur að læra*". Hellingur af kennslugögnum eins og smáhlutasafn, steinar af öllum stærðum og gerðum, hnappar og tölur markvisst notað svo börnin fái að vinna hlutbundið.
- Ýmis kennsluforrit í ípad og tölvum notuð til að dýpka skilning nemenda á viðfangsefni hverju sinni og einnig notað til uppbrots.

Helstu kennsluáferðir: Bein kennsla, einstaklingsvinna, hópavinna, leikir

Sambætting námsgeina: Mikil sambætting við samfélagsfræði, einnig sambætt íslenskunni

Námsmat: Umsögn í lok skólaárs